



MAT OG GREINING Á STEFNU EINSTAKRA LANDA

LYKILSKILABOÐ FYRIR STÖRF *MEÐ* OG *FYRIR* RÍKI – STEFNUYFIRLIT

INNGANGUR

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérparfir (miðstöðin) miðar að því að styðja aðildarlönd sín við þróun og árangursríka innleiðingu á stefnu um menntun fyrir alla. Allt starf með aðildarlöndum styður metnað miðstöðvarinnar í að verða virkur fulltrúi fyrir stefnubreytingar. Allt starf miðstöðvarinnar samræmist endanlegum markmiðum um námskerfi án aðgreiningar, sem snýst um að tryggja að öllum nemendum óháð aldri, sé veitt mikilvæg, hágæða námstækifæri í nærsamfélagi sínu, meðal vina og jafnaldra.

Vinna miðstöðvarinnar að **Mati og greining á stefnu einstakra landa** (CPRA) var í gangi á árunum 2014 til 2021. CPRA bauð aðildarlöndum miðstöðvarinnar einstaklingsmiðaðar upplýsingar um stefnuramma fyrir menntun fyrir alla. Hún setur yfirgrípsmeiri niðurstöður miðstöðvarinnar og útkomur einnig í víðtækara evrópskt og alþjóðlegt stefnusamhengi fyrir menntun og menntun fyrir alla.

CPRA veitti stefnumótendum landanna stuðning til að ígrunda þróun á stefnu um menntun fyrir alla og hvöttu til umræðu um stefnuna í umræddu landi. Hún greindi tiltækar upplýsingar um gildandi landsstefnur um menntun fyrir alla; CPRA fjallaði ekki um sjálfa stefnuinnleiðinguna.

Þetta stefnuyfirlit kynnir lykilskilaboð úr verkefnastarfi CPRA, sem geta upplýst áframhaldandi starf landa við stefnumótun í tengslum við menntun fyrir alla, ásamt starfi miðstöðvarinnar með og fyrir aðildarlönd sín.

AÐFERÐAFRÆÐI CPRA

Aðferðafræði CPRA þróaðist á tilraunatímabili með þátttöku starfsfólks miðstöðvarinnar og átta aðildarlanda hennar. Aðferðirnar sem voru notaðar voru þróaðar áfram og sannprófaðar á síðari tímabilum með öðrum aðildarlöndum. Í lok ársins 2021 höfðu 24 aðildarlönd miðstöðvarinnar (þ.e. lönd og lögsagnarumdæmi) tekið þátt í CPRA.

Miðstöðin og stefnumótendur aðildarlandanna urðu ásátt um að skilja megi vinnu við stefnumótun út frá **skynjuðum ásetningi**. Aðferðir við stefnumótun kunna að vera mótaðar til að:

- **koma í veg fyrir** ólík form útilokunar í menntun áður en slíkt á sér stað;
- **bregðast við** til að tryggja að gæðamenntun fyrir alla sé alltaf í boði fyrir alla nemendur;
- **vega á móti** með sérstökum aðgerðum og ráðstöfunum þegar forvarnir og inngrip mæta ekki nægilega þörfum nemenda í umhverfi fyrir alla.

Í vinnu CPRA tilgreindi stýrihópurinn 12 helstu stefnuaðgerðir til að uppfylla markmið á alþjóðalegum og evrópskum vettvangi og bæta gæði menntunarkerfa fyrir alla nemendur. Starfsfólk miðstöðvarinnar rannsakaði þá stefnumótun aðildarlanda sem tengist þessum aðgerðum. Stefnumótun var flokkuð sem forvarnir, inngrip eða uppbot og auðkenndi bil ef engin stefnumótun var nefnd.



MEGINNIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður CPRA benda til þess að samvinna við lönd um að rannsaka sérstaklega skynjaðan ásetning tiltekinnar stefnu geti undirstrikað gagnlegar upplýsingar til að styðja vinnu við stefnumótun. Með því að huga að jafnvægi forvarnar-, inngrips- og jöfnunaraðferða og/eða bila í stefnumfjöllum fá einstök lönd viðeigandi upplýsingar fyrir stefnumótun sína fyrir menntakerfi fyrir alla. Þetta atriði varpar einnig ljósi á víðtækari skilaboð á Evrópuvísu, sem gefur hugsanlega mælikvarða í hvaða átt stefnumótun þróast til móts við fyrirbyggjandi aðferðir.

Menntunarkerfi fyrir alla krefjast alhliða stefnusviðs



Menntun fyrir alla snýst ekki aðeins um stefnur til að styðja einstaka nemendur. Margvíslegar stefnur á öllum stigum verða að vísa til og innleiða menntun fyrir alla.

Þær 12 aðgerðir og stefnutillögur sem fram koma í CPRA-vinnunni geta hjálpað stefnumótendum að velta fyrir sér núverandi landsstefnu sinni í öllum geirum sem hafa áhrif á menntun fyrir alla.

Sjálfbær þróun í átt að menntun fyrir alla krefst samsetningar þriggja stefnuaðferða



Líta má á langtíma sjálfbæra þróun í átt að menntakerfum fyrir alla sem sambland af forvörnum, inngripum og aðferðum til jöfnunar. Vegferð ríkis í átt að skilvirku og réttlátu menntakerfi fyrir alla má greina með færslu frá aðallega jöfnunaraðgerðum, í átt að stefnumótun sem leggur meiri áherslu á inngrip og forvarnir.

Ólík mynstur stefnumótunar í stefnumiðunum 12



Aðildarlönd stofnunarinnar sem taka þátt í CPRA-vinnunni höfðu mjög mismunandi mynstur aðferða í stefnumiðunum 12. Þó að engin skýr þróun hafi verið greinileg var hægt að bera kennsl á mest og minnst ítarlegu umfjöllunina.

Aðildarlöndin höfðu yfirgripsmeiri umfjöllun um stefnur um aðgerðir sem tengjast stuðningi við bættu samvinnu, leiðbeiningar, menntun fyrir alla og menntun ungra barna.

Umfjöllun var ekki jafn yfirgripsmikil um stefnur sem tóku á ráðstöfunum sem tengdust gildum í skólastarfi, umbótum á umskiptum frá skóla til vinnu, minnkun á neikvæðum áhrifum af forskimun og endurtekningu skólaárs, og stuðningi við umbætur fyrir skóla með lægri einkunnir.

CPRA-FERLIÐ

CPRA-ferlið þróaðist úr samstarfsaðferðum með stefnumótendum aðildarlandanna. Þessar aðferðir voru nauðsynlegar til að geta kerfisbundið auðkennt styrkleika stefnu og svið fyrir stefnuþróun sem fulltrúar aðildarlanda gætu notað á mismunandi hátt í eigin samhengi. Samstarfsvinnuferlar um sameiginlega þróun veita möguleika á frekari þróun í framtíðarstarfi miðstöðvarinnar með aðildarlöndum sínum.

Kostir þess að vinna saman



Samstarf innan menntamálaráðuneyta og við önnur ráðuneyti, stofnanir og yfirvöld er forsenda þess að tryggja samræmda menntastefnu fyrir alla. Samstarfsaðgerðir hjálpa til við að greina gildandi stefnur sem stuðla óviljandi að útilokun og vinna gegn markmiðinu um menntun fyrir alla.

Að bera kennsl á styrkleikasvið og þróunarsvið



Kerfisbundin greining á styrkleikasviðum og þróunarsviðum innan stefnuramma er forsenda fyrir setningu á forgangsmálum stefnu til skemmri og lengri tíma fyrir menntun fyrir alla. Að bera kennsl á styrkleikasvið og þróunarsvið getur stutt viðræður meðal allra hagsmunaaðila í menntamálum um þær stefnubreytingar sem þarf til að ná fram menntakerfi sem er meira fyrir alla.

SAMRÆMI VIÐ STEFNUMÓTUN Á ALÞJÓÐLEGUM OG EVRÓPSKUM VETTvangi

Vinna á alþjóða- og Evrópuvísu styrkir þörfina á frekara þróunarstarfi með löndum að stefnum um menntun fyrir alla sem leggur áherslu á ALLA nemendur. Sérstök þörf er á að samþætta sérstakar skuldbindingar/kröfur ríkja og Evrópusambandsins inn í innlenda stefnu og lög. Einnig er nauðsyn á samstarfi þvert á geira til að tilgreina og taka á kerfisþáttum sem eru hindrun við jafnræði allra nemenda.

Mikilvægi þess að huga að þróun á alþjóðlegum og evrópskum vettvangi



Lykilvinna á alþjóðlegum og evrópskum vettvangi getur stutt viðræður innan stefnumótunarvinnu ríkja. Slíkt samtal getur leitt til skýrrar, almennt viðtekinnar skoðunar á menntun án aðgreiningar og tryggt að alþjóðlegir samningar séu lögfestir í innlendum lögum og stefnu.

Tekið er tillit til þess í hvaða átt þróunin fer



Lykilvinna á alþjóðlegum og evrópskum vettvangi ítrekar mikilvægi stefnumótunar sem veitir leiðsögn í þá átt sem stefnt er. Eins og er undirstrikar hún þörfina á áætlunum sem leggja áherslu á breiðari hópi nemenda – sérstaklega þá sem búa við óhagræði – til að rjúfa bein tengsl milli menntunar án aðgreiningar og sérkennsluþarfa/fötlunar sem er til staðar í mörgum löndum. Gagnreynd stefnumótun verður að taka margþætta nálgun á menntun án aðgreiningar þar sem tillit er tekið til margbreytileika einstaklinga og hópa þegar jaðarsetjandi þættir eru skoðaðir í skólum og víðar í menntakerfinu.

Skilningur á kerfisþáttum sem hafa áhrif á jafnræði í menntun



Til að taka fullkomlega á þeim þáttum menntakerfisins sem tengjast aðgreiningu og slökum árangri í viðkvæmum hópum verður stefnan að beinast að jafnræði og mikilvægi sanngirni í tækifærum til menntunar. Stefna ætti að koma skýrt á framfæri að hægt sé að þróa menntakerfi sem eru bæði vönduð og réttlát.

ÁHERSLA Á FRAMTÍÐARVINNU MEÐ RÍKJUM VIÐ STEFNUMÓTUN

Hægt er að þróa starf CPRA enn frekar til að benda á stefnumarkmið og takmörk á lands-, Evrópu- og alþjóðavísu. Uppfærður CPRA-rammi gæti hugsanlega þróast sem tæki til að betrumbæta eftirlit á þróun í menntun án aðgreiningar innan og þvert á aðildarlönd miðstöðvarinnar og stuðlað að umræðum um sjálfbær þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og forgangsmál evrópsks menntasvæðis.

Einnig er hægt að byggja ofan á niðurstöður CPRA til að stuðla að víðtækara eftirlitsstarfi í og með aðildarlöndum miðstöðvarinnar. Niðurstöður CPRA eru viðmið fyrir núverandi stefnumál landanna. Til lengri tíma litið gætu ríki endurskoðað þessar niðurstöður til að fylgjast með sérstökum stefnubreytingum og -þróun.

Öll framtíðarvinna miðstöðvarinnar með aðildarríkjum sínum byggir ofan á heildarvinnu CPRA og mun renna inn í starf mats og greiningar á stefnu einstakra landa (CPDS). CPDS mun þróa vinnuferli CPRA til að byggja á niðurstöðum sem hafa reynst gagnlegar til stuðnings við ríki. CPDS mun stefna að því að koma á alhliða ramma og aðferðafræði fyrir vinnu með fulltrúum aðildarlandanna. Þetta mun auðvelda þeim að rannsaka og hafa eftirlit með virkri innleiðingu á stefnurömmum fyrir menntakerfi fyrir alla í löndum sínum.

Nánari upplýsingar um CPRA er að finna í yfirlitsskýrslunni, *Country Policy Review and Analysis: Key messages for working with and for countries*.